Hugleiðingar um "Rauða penna".
1 blað.

Góður vinur minn sendi mér ~~ný-útkomna~~ bók í nýjársgjöf; það voru „Rauðir pennar", er úttlvað um 30 höfundar höfðu lagt hönd sína að, bæði í bundnu og óbundnu máli. Eg las bókina, og dæmdi ekki að: Hún er næstum öll svo uppbelgd af blóð-þrungnu hatri til alls og allra, að ~~mér kom til~~ þessi spurning vaknaði ósjálfrátt í huga mínum eftir lesturinn: Hvernig stendur á því, að menn geta ekki aðhylst og haft sínar stjórnmálaskoðanir hver fyrir sig, án þess að láta annað eins óféti ~~af~~ eftir sig, eins og at það sem bók þessi hefir inni að halda?

Bókin öll eða meginið af henni er eins og vænta mátti eftir því liði, höfunda þrungin af hatri, krydduð jafnt með örgustu blótsyrðum eða ákalli almáttugs guðs; það þykir fara svo vel saman í brjóstum þeim og eiga svo vel við innan um allan barlóminn og eymdarvælið út af meðferð annara á þeim sem verða „að gefa andskotanum í allt" eins og þeir virðist verða að gera þessir rithöfundar.

Við lestur bókar þessarar staðnæmdist ég við „skáldsögu" eins barnakennarans hér í Reykjavík, G. M. M. myndin af kónginum

Hvílíkur vaðall og vitleysa